

Ed.

98. Framvarp

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að láta gera þau mannvirki á Flóaáveitusvæðinu, auk skurða og garða, sem nauðsynleg verða að teljast til þess að áveitan komi að fullum notum, og greiðist kostnaður af framkvæmdum þessum á þann hátt, sem um semst milli landsstjórnarinnar og íbúa áveitusvæðisins, enda nemi tillag rikissjóðs til vegagerða aldrei meiru en helmingi kostnaðar, og ekki yfir $\frac{1}{4}$ kostnaðar til annara framkvæmda.

2. gr.

Áður en ráðist er í framkvæmdir samkvæmt 1. gr., skal landsstjórnin skipa nefnd manna, er geri tillögur um, hver mannvirki skuli gera og hversu þeim skuli haga. Auk þess er stjórninni heimilt að kveðja sjerfræðing til, eftir því sem nauðsynlegt telst. Kostnaður af nefnd og sjerfræðingum greiðist úr rikissjóði.

3. gr.

Þeim hluta kostnaðar af framkvæmdum samkvæmt 1. gr., sem um semst að Flóaáveitufjelagið skuli greiða, jafnar stjórn áveitufjelagsins niður á áveitujarðirnar, aðallega eftir þeim notum, sem þær, hver um sig, hafa af framkvæmdum þessum. Að öðru leyti ná ákvæði laga nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann, til mannvirkja þeirra, sem lög þessi ræða um, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

4. gr.

Vegum þeim, sem lagðir kunna að verða á áveitusvæðinu samkvæmt lögum þessum, skal skifta í sýsluvegi og hreppavegi eftir tillögum vegamálastjóra.

5. gr.

Stjórn áveitufjelagsins skal skipuð þrem mönnum, er kosnir sjeu til 3 ára. Ganga þeir úr stjórninni sitt árið hver, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.